



## FUNDARGERÐ

14. fundur Odda bs

**haldinn Menningarmiðstöðinni Laugalandi , miðvikudaginn 6. september 2023  
og hófst hann kl. 08:15.**

### Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Ísleifur Jónasson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Nanna Jónsdóttir, Valtýr Valtýsson og Jón G. Valgeirsson.

**Fundargerð ritaði:** Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

### Dagskrá:

#### 1. Rekstraryfirlit Odda bs. 2023 - 2302140

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstur byggðasamlagsins janúar-júlí 2023.

Stjórn þakkar Klöru fyrir yfirferðina. Viðauki við fjárhagsáætlun 2023 verður lagður fram á næsta fundi Odda bs.

#### 2. Skólastjórar Odda bs. Stöðuyfirlit. - 2306009

Á fundinn mæta Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri grunnskólans á Hellu og Yngvi Karl Jónsson skólastjóri grunnskólans á Laugalandi og gera grein fyrir stöðu mála í sínum skólum.

Stjórn þakkar skólastjórunum fyrir upplýsingarnar. Skólastjórar fóru yfir fjölda nemenda, húsnæðismál og starfsmannamál. Rætt var um nauðsyn þess að endurskoða reglur um flutning milli skólahverfa. Skólastjórum falið að vinna málið áfram og skila inn tillögum inn fyrir áramót.

Eftir fund þá fór stjórn í skoðunarferð um húsnæði leik- og grunnskóla á Laugalandi.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:40.**


  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

  
Eggert Valur Guðmundsson







  
Ingvar Pétur Guðbjörnsson

  
Nanna Jónsdóttir

  
Steinn Steinnsson

  
J. S. Stefánsson